

INNGANGUR

Kjartan Gunnar Kjartansson ritar í Morgunblaðið 29. apríl og kallar grein sína „Leikdóm um sjónleik í svörtu og hvítu“. Kjartan hefur gefið sér góðan tíma til að rýna í viðfangsefnið, sem er grein mín frá 12. apríl, ekki til að skilja það sem þar stendur svart á hvítu, heldur til að lesa á milli línanna. Það gerir Kjartan óspart, gerir mér upp skoðanir og hugmyndir og leggur til atlögu við þær í nafni skynsemi, lýðræðis, mannréttinda og vestrænnar menningar. Bardagar við vindmyllur eru ekki óþekktir í heimsbókmenntunum. En sá riddarinn sem frægastur varð á þeim vettvangi, hafði ekki erindi sem erfiði, enda þótt hann hrópaði nafn sinnar ástkæru Dulcineu. Hvilft áfall var það líka fyrir þann göfuga riddara, þegar hann uppgötvaði hvernig hefðarmærin var í raun og veru. En það er önnur saga.

Að greina hvítt frá svörtu

Lykilinn til skilnings á grein Kjartans er líklega að finna í lokaorðum hans:

„Með einföldun sinni hefur Þorsteinn Sæmundsson dregið upp villandi mynd af Vigdísi. En hann lætur ekki þar við sitja; því það er eitt að mála mennina í svörtu og hvítu, annað að hafa endaskipti á svörtu og hvítu.“

Það var ekki fyrr en ég las þessi orð, að ég skildi hvernig ég átti að lesa grein Kjartans. Það sem ég kalla hvítt, kallar Kjartan svart. Og það sem ég kalla svart, er Kjartani hvítt. Það sem ég kalla óhreinskilni, kallar Kjartan ónákvæmni. Þegar Kjartan segist styðja aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, á hann sennilega við að hann sé herstöðvaandstæðingur. Þegar hann gefur í skyn, að hann hafi verið kallaður fódurlandssvikari og þjóðniðingur og skipar sér á bekk með forvígismönnum Varins lands, á hann líklega við að honum hafi ekki verið sendar slíkar kveðjur persónulega, og að hann hafi aldrei verið stuðningsmaður Varins lands. Þegar hann segist hafa verið ritstjóri Stefnis í þrjú ár og sé í einlægni sammála Hayek, Friedman og Popper, á hann líklega við, að hann hafi sem ritstjóri fyrst og fremst kynnt kenningar annarra fræðimanna með alls ólík viðhorf. Ef þetta er misskilningur, er nauðsynlegt að Kjartan leiðrætti hann sjálfur, bæði vegna mín og annarra.

Ódrengileg aðför?

Litum nú á efnisatriði í grein Kjartans, hvert fyrir sig. Í innangi segir:

„... þá tekur hann sig til og skrifar sjónleik um Vigdísi þar sem hann tengir hana „mestu rögs- og svívirðingarherferð í sögu íslenskrar blaðamennsku“. Fyrst taldi ég mér trú um að hér væri á ferðinni ókarlimannleg og ódrengileg aðför viðkvæmrar sálar.“

Síðar segir Kjartan:

„Fátt hefur verið, og er, Vigdísi ógæðfelldara en ærumeidandi ummæli af því tagi sem Þorsteinn kvartar undan í sjónleik sínum, og reynir viljandi að sverta með nafn hennar.“

Með þessum orðum gefur Kjartan til kynna, að það sé ódrengilegt að tengja nafn Vigdísar við umrædda svívirðingarherferð. Nú er það skjalfest, að Vigdís skrifaði undir yfirlýsingu sem birtist í Þjóðviljanum 28. júní 1974, þar sem hún lýsti stuðningi við þá sem að herferðinni stóðu og kallaði ummæli þeirra „eðlileg viðbrögð“. Hvernig ætlar Kjartan að komast fram hjá þessari staðreynd? Ef hann vill kynna sér orðalagi þessara dæmalausu yfirlýsingar Vigdísar og félaga, ætti hann að fara á Landsbókasafnið og skoða plaggid. Ekki yrði ég hissa þótt honum sveltist á.

Um hreinskilni

Næsta fullyrðing Kjartans er sú, að ég drótti því ómaklega að Vigdísi, að hún sé óhreinskilinn gagnvart fólkinu í landinu. Kjartan reynir að afsaka svar Vigdísar í Vísi 27. mars með því að hún hafi ekki skilið spurningu blaðamannsins. Baráttumál herstöðvaandstæðinga eru svo fjarri Vigdísi, að

henni dettur ekkert slíkt í hug, þegar hún er spurð um stjórnmálaafskipti. Þetta finnst Kjartani ofur eðlilegt, því að hann segir:

„Orðið stjórnmál, — og þá stjórnmálaafskipti — er langt frá því að hafa skýra merkingu í hugum manna, enda hafa fræðimenn glímt við merkingu orðsins um áratugaskeið, án álitlegs árangurs að því er virðist.“

Og Kjartan kemst að niðurstöðu:

„Hér er því ekki um óhreinskilni að ræða í svari Vigdísar heldur í mesta lagi ónákvæmni; ónákvæmni sem er eðlileg og afar algeng í blaðaviðtölum eins og því sem Þorsteinn vitnar til.“

Kjartan lætur sem hann viti ekki af sjöunda þætti sjónleiksins, sem hófst í Morgunblaðinu 15.

stöðvaandstæðingur. Ertu það ennþá? Vigdís hafði svarað:

„Það er engum vafa undirorpið, að ég hef tekið þátt í því að andmæla aðkomuher í okkar landi. Ég er á móti her í hvaða mynd sem er, hvar sem hann er. En ég er fyrst og síðast friðarsinni.“

Svo mörg voru þau orð. Einhvern veginn finnst mér nú, að það hefði átt að vera rúm fyrir þessa merku yfirlýsingu í Morgunblaðinu, ef Vigdísi hefði verið umhugað um að hún kæmist til skila. En nú reynir á Kjartan Gunnar Kjartansson, sem er svo leikinn í að lesa á milli línanna, að sýna fram á, að þarna sé að finna fullkomið svar við spurningum



Þorsteinn Sæmundsson:

Riddarinn og hefðarmærin

Morgunblaðsins, og að svarið segi í rauninni alla söguna um afskipti Vigdísar af herstöðvamálinu, þannig að öll upprifjun af minni hálfu hafi verið óþörf.

Aðeins þrisvar sinnum?

Þá er rétt að vika að þeirri staðhæfingu Kjartans, að Vigdís hafi „þrisvar sinnum á lífsleiðinni haft afskipti af deilunni um herstöðina á Miðnesheiði“. Af frásögn Kjartans mætti ráða, að hann hafi þessa fullyrðingu eftir mér, en það er ekki rétt. Ég sagði aldrei, að skiptin væru þrjú eða að frásögn mín væri tæmandi, enda taldi ég það ekkert höfuðatriði. En úr því að Kjartani finnst ekki nóg komið, verð ég að fræða hann á því, að þarna vantar í söguna fleiri þætti en einn og fleiri en tvo. Nú skora ég á Kjartan að ganga til fundar við vinkonu sína, frambjóðandann hreinskilna, og fá hjá henni tæmandi skrá yfir öll afskipti hennar af herstöðvamálinu til birtingar í Morgunblaðinu. Á þann hátt getur Kjartan fullnægt þeirri sjálfsgöðu skyldu að leiðrætta „ónákvæmni“ í eigin skrifum.

Flokksskirteini og flokksstarf

Næst segir Kjartan mig vera „með dylgjur um að Vigdís fari ekki með rétt mál þegar hún segist vera óflokksbundin“. Þetta er rangtúlkun á ummælum mínum. Ég var þvert á móti að leida athygli að því, hversu litlu máli skiptir, hvort fólk er skrásett í einhverjum hópi. Það sem máli skiptir er, hvort fólk tekur þátt í starfi hópsins.

Stílbrögð herstöðvaandstæðinga

Fimmata atriðið í grein Kjartans er hild veigamesta og í rauninni efni í sérstaka umræðu. Kjartan

ræðir um mikla meinsemd í íslensku þjóðlífi. Hann orðar það svo, að deilan um herstöðina á Miðnesheiði hafi klofið þjóðina, losað vana- og fjölskyldubönd, myndað gjá tortryggni og skilningsleysis og kallað fram og stigmagnað það versta í fari manna þegar tveir deila. Hann sakar mig um að ýta undir fordóma í þessari deilu og treysta á þá í málflutningi mínum. Ljótt ef satt væri.

Því miður verð ég að segja, að mér þykir öll framsetning Kjartans á þessu máli mjög í stíl við málflutning herstöðvaandstæðinga. Hann lætur eins og þjóðin hafi klofnað í tvær fylkingar, sem báðar hagi sér þannig, að ekki megi á milli sjá, hvor verri sé. Þannig afsakar hann í rauninni annan hópinn með því að hinn sé engu betri. Til dæmis segir Kjartan:

„Þorsteinn og félagar hans eru ekki einir um að hafa fengið kaldar kveðjur. Af svipuðum ástæðum hefur um árabíl verið svo til ógerlegt fyrir nokkurn Íslending að lýsa andúð sinni á því, að á Íslandi sé herstöð eins mesta herveldis sögunnar, án þess að verða um leið stimplaður alræmdur kommúnisti sem virðir hvorki lög né rétt heldur berst með oddi og egg fyrir því að afnema hér bæði lýðræði og mannréttindi.“

Þetta þykja mér stór orð. Nú spyr ég: Hvaða rök getur Kjartan fært fyrir þessari alvarlegu og víðtæku fullyrðingu sinni? Hve mörg dæmi hefur hann á takteinum? Hvenær hefur t.d. Vigdís

spakmælis, sem hljóðar á þessa leið: „Segðu mér hverja þú umgengst og ég skal segja þér hver þú ert“. Kjartan bregst hinn versti við þessari hugmynd:

„Má vera að „spakmælið“ sé til, en ekki er það nú burðugt. Ég fæ ekki séð að það standi undir nafni. Ef það lýsir einhverju, þá lýsir það einfaldni þeirra sem hafa það í heiðri.“

Orð Kjartans segja okkur ýmislegt um hann sjálfan, og á ég þá ekki við það, hversu viðkvæmur hann virðist vera fyrir spakmælinu. Í fyrsta lagi er ljóst, að hann kannast ekki við spakmælið. Látum svo vera; í önnur stjórnmálanna er ekki víst að mikill tími gefist til lestrar. En Kjartan leyfir sér að vera með dylgjur í þá átt, að spakmælið sé ekki til, án þess að kanna staðreyndir í málinu. Þetta segir nokkuð um vinnubrögð hans. Nú veit ég ekki um bókaost Kjartans, en hann hlýtur að þekkja einhvern góðan mann sem getur lánað honum bókina Íslenskir málshættir, sem Almenna bókafélagið gaf út 1966. Þar mun hann finna spakmælið, nánast með sama orðalagi og hér að ofan, en heimildin er sögð vera málsháttasafn Björns Haraldssonar (óprentað). Í bókinni „The Oxford Dictionary of Quotations“ er spakmælið eignað jarlinum af Chesterfield og hann sagður hafa kallað það spænskan málshátt (1747). Nánari athugun leiðir í ljós, að málsháttinn er að finna í víðfrægri spænski skáldsögu frá öndverðri 17. öld. Ég ætla að leyfa Kjartani að geta upp á nafni bókarinnar, en gef honum þó eina vísbendingu: Í bókinni segir frá riddara sem verður frægur af að berjast við vindmyllur.

Þá komum við að því hvernig Kjartan skilur — eða þykist skilja — tilvitnun mína í spakmælið. Ég vitnaði í það í framhaldi af lýsingu á ræðu Páls Bergþórssonar í upphafi Keflavíkuröngu. Kjartan dregur þá ályktun, að ég sé „að gefa það í skyn að menn umgangist einungis þá sem hafi sömu stjórnmálaskoðanir“, svo barnaleg sem sú hugmynd er. Þetta verður honum svo tilefni til ályktunar um að ég skipti mönnum „í góða menn og vonda eftir stjórnmálaskoðunum“ og að það viðhorf sé „hættuleg ögrun við hugmyndir um frið, frelsi og lýðræði“. Kjartan lætur sem hann sjái ekki, að það var „vafasamt orðbragð“ Páls Bergþórssonar eins og ég nefndi það, sem þarna var á dagskrá; ég minnst hvernig á stjórnmálaskoðanir. Kjartans vegna verð ég víst að segja berum orðum það sem ég hélt að hver maður gæti skilið: að mér þyki mestu skipta hvernig menn halda fram skoðunum sínum, og hvort þeir koma til dyranna eins og þeir eru klæddir.

Í umræðu sinni um spakmælið góða telur Kjartan upp hinar og þessar stöður, sem hann hafi gegnt á vegum Sjálfstæðisflokksins og Vöku, að hann sé meðlimur í félagi frjálslyggjumanna og sé sammála Hayek, Friedmann og Popper og segir svo: „Hvað les nú Þorsteinn út úr öllum þessum ósköpum um innræti vinkonu minnar Vigdísar Finnbogadóttur, samkvæmt gamla spakmælinu sínu?“

Ef ég vissi ekki meira um Kjartan Gunnar Kjartansson en það sem upptalningin segir, væri ég litlu nær um hann sjálfan, hvað þá vinkonur hans. Stöður hjá stjórnmálaflokki eru ekki sjálfkrafa gæðastimpill, jafnvel ekki þótt æðri sé en þær sem Kjartan nefnir. Ekki verður heldur séð, að Vigdís Finnbogadóttir hafi umgengist Kjartan í þessum stöðum eða tekið þátt í starfinu, svo að hliðstæða fáist við dæmið sem ég tók í minni grein.

En nú hef ég lesið grein Kjartans alla, kynnst viðhorfum hans, málflutningi og vinnubrögðum. Þegar ég lit svo aftur á aðalleikandann í sjónleiknum, Vigdísi Finnbogadóttur, fæ ég ekki betur séð, en að enn sé í fullu gildi spakmælið góða, sem líka má orða á annan veg: Dregur hver dóm af sínum sessunaut.